



Reglur um innritun barna í leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Leikskóli er fyrsta skólastig í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

1. gr.

Í leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar er innritað eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Stefnt er að því að bjóða upp á leikskólanám fyrir börn eins árs og eldri ef aðstæður og pláss leyfa í viðkomandi leikskóla. Heimilt er að veita börnum, 10-12 mánaða gömlum, leikskóladvöl ef það fellur að skipulagi skólastarfs viðkomandi leikskóla og rými leyfir.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri annast innritun barna í leikskólum Skagafjarðar. Að jafnaði skal miða við að leikskóladvöl hefjist í upphafi hefðbundins skólaárs.

2. gr.

Sótt er um leikskóladvöl í gegnum Íbúagátt Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nauðsynlegt er að fylla út umsóknareyðublaðið eins nákvæmlega og umsækjandi getur. Í umsókn skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, lögheimili, netföng og símanúmer foreldra/forráðamanna og næsta aðstandanda og ósk um dvalartíma. Foreldrar fá staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin með sérstöku umsóknarnúmeri sem birtist í íbúagáttinni.

3. gr.

Inntaka nýrra barna í leikskóla Skagafjarðar er að jafnaði í upphafi skólaárs og eftir því sem pláss losna og aðrar aðstæður leyfa að mati leikskólustjóra. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir 1. apríl árið sem leikskóladvöl skal hefjast. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólaláss losnar. Þegar barn sem er á biðlista hefur fengið inngöngu í leikskóla er foreldrum/forráðamönnum svarað í rafrænu bréfi. Foreldrar/forráðamenn þurfa að staðfesta leikskóladvölinu innan 14 daga frá því að boð berast. Hafi staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum ekki borist innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássíð.

4. gr.

Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskólaláss við úthlutun, fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið hefji dvöl í leikskólanum á öðrum tíma.

5. gr.

Almenn úthlutun leikskólalásna fer fram miðað við neðangreindar forsendur:

- a. Leikskólalássur er úthlutað eftir aldursröð, dagsetning umsóknar gildir ef börn eru á sama aldri (eiga sama afmælisdag), börn í forgangi geta haft áhrif á úthlutun, sjá 6 grein.
- b. Þegar leikskólalássur er úthlutað þarf ávallt að taka tillit til aðstæðna í leikskólunum s.s. samsetningu barnahóps, rýmis, mannahalds og fleira.

6. gr.

Sækja má um forgang að leikskólum í Skagafirði vegna neðangreindra atriða. Leikskólastjóri metur umsóknir um forgang í samráði við fræðslustjóra:

- a. Fatlaðra barna, barna með skilgreind frávik í þroska eða langveik börn.
- b. Barna sem búa við erfiðleika í félagslegu tilliti vegna:
 - i. Barnaverndarmála. Hér þarf vottorð frá félagsmálayfirvöldum að fylgja umsókn
 - ii. Alvarlegra veikinda, alvarlegrar fötlunar eða alvarlegra félagslegra erfiðleika hjá fjölskyldumeðlimum barns. Hér þarf vottorð frá lækni eða opinberum aðilum að fylgja umsókn.
 - iii. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
 - iv. Börn einstæðra foreldra, skila þarf inn staðfestingu frá sýslumanni.
 - v. Fjölbura, þ.e. fleiri barna en tvíbura.
- c. Barna starfsmanna leikskóla eftir nánari verklagsreglum þar að lútandi.

7. gr.

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar/forráðamenn undir skólasamning sem meðal annars kveður á um dvalartíma og aðrar reglur varðandi leikskóladvöl. Skólasamningurinn tekur mið af reglum leikskólans og með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér starf leikskólans, gjaldskrá og reglur þessar.

8. gr.

Heimilt er að segja barni upp plássi, ef nýting fer niður fyrir 60% tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi og /eða tímabundnar fjarvistir frá sveitarfélaginu.

9. gr.

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi í leikskólum Skagafjarðar er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

10. gr.

Hægt er að óska eftir breytingu á dvalartíma. Breytingin tekur gildi 1. eða 15. hvers mánaðar ef leikskólinn metur stöðuna svo að hægt sé að verða við henni.

Innheimta leikskólagjalda

1. Gjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt fyrir umsaminn dvalartíma óháð mætingu barns. Ef barn er fjarverandi í mánuð geta foreldrar/forráðamenn óskað eftir að fæðisgjald sé fellt niður þann mánuð.
2. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga.
3. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum frá gjalddaga er viðkomandi foreldrum/forráðamönnum sent ítrekunarbref þar sem þeim er tilkynnt að leikskólaplássinu verði sagt upp ef ekki er staðið í skilum.

4. Hafi greiðsla ekki borist eða um hana verið samið eftir einn mánuð (30 daga) frá eindaga, er foreldrum/forráðamönnum afhent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá greiðslu vangoldinna gjalda. Að þeim tíma liðnum er send lokaáðvörðun og lögfræðingi falið að innheimta gjaldið.
5. Hægt er að sækja um systkinaafslátt leikskólagjalda og sérgjald vegna sérstakra aðstæðna. Vísað er í samþykkt um niðurgreiðslur vistunargjalda vegna þessa.

Reglur þessar eru settar með stoð í 26. gr. laga um leikskóla. Jafnframt er vísað í verklagsreglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna afsláttar á vistunargjöldum sem og verklagsreglur um forgang barna starfsmanna leikskóla og starfandi dagforeldra.

Samþykkt í fræðslunefnd þann 16. febrúar 2022 og staðfest í sveitarstjórn þann 9. mars 2022.